



**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



**Slökkvitækja-
þjónustufan**

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Framtíðarleikmenn á sumarmótum

Fótboltakrakkarnir í Gróttu hafa í allan vetur og vor beðið í ofvæni eftir sumarmótunum sem eru hápunktur ársins hjá mörgum.

Þar lenda bæði börn og foreldrar í ýmsum ævintýrum innan sem utan

vallar og eiga saman stundir sem seint gleymast. Nesfréttir segja nú frá Þæjumóti og Shellmóti í Eyjum og Norðurálmótinu á Akranesi.

Sjá nánar á bls. 14.



OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér


Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Aukum lífsgæðin

Í Nesfréttum í dag er viðtal við Ólaf Inga Ólafsson formann Nesklúbbsins en klúbburinn er á sínu fimmtugasta starfsári. Nú eru 650 meðlimir í klúbbnum og um 600 manns á biðlista og eru forráðamenn klúbbsins komnir í veruleg vandræði vegna þess. Því er nauðsynlegt að bæjarstjórn Seltjarnarnes taki á þessu máli og gefi golfurum leyfi til að stækka völlinn og og búa til nýtt æfingasvæði.

Miklir möguleikar eru á að stækka völlinn og nýta túnið við Ráðagerði eða Nesstofu undir æfingasvæði. Þeir sem verið hafa á móti stækkun vallarins á undanföllum árum hafa talið að vernda þyrfti fuglinn fyrir ágangi mannsins. Þessi rök þeirra eru löngu fallin um sjálf sig. Hvergi er meira fuglalíf en í kring um golfvöllinn og þá sem þar iðka íþrótt sína.

Nú er skógarkerfillinn farin að breiða úr sér hringinn í kringum um Bakkatjörn og þessi svæði sem eru í órækt á Seltjarnarnesi. Garðyrkju- stjórinn er með sitt lið að reyna að hefta útbreiðslu hans en hann er lífs- seigur og verkið því erfitt. Væri ekki betra að leyfa golfurum að fá eitt- hvað af þessu landi til afnota og hefta með því útbreiðslu skógarkerfilsins en að láta hann dreifa sér um allt í nafni náttúruverndar.

Þegar gengið er fram hjá tünunum hjá Ráðagerði og Nesstofu er ekkert að sjá annað en órækt og fuglalíf er aðeins að finna við Bakkatjörnina. En þegar gengið fram hjá golfvöllinum er allt iðandi af lífi og fuglinum finnst hann öruggur í kringum golfaranna.

Þess má geta að iðkendur allra íþróttá hjá Íþróttafélaginu Gróttu eru um eittþúsund talsins. Ef bæjarstjórn Seltjarnarness treystir sér ekki að taka á þessu máli á að leyfa íbúum á Seltjarnarnesi að kjósa um stækkun golfvallarins samhliða næstu sveitastjórnarkosningum. Með því væri ekki einvörðungu bætt aðstaða golfíþróttarinnar á Seltjarnarnesi heldur myndi fuglalífið njóta góðs af. Einnig má minna á í þessu sambandi að Reykjavík- urhöfn er hætt að taka við grjóti sem fellur til við gróft vegna bygginga- framkvæmda í borginni. Þetta grjót gæti Seltjarnarnesbær nýtt sér í land- fyllingar til að verjast ágangi sjávar og til að endurheimta land sem sjórinn hefur brotið niður. Þannig aukum við lífsgæðin á Nesinu til frambúðar.

K

Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

Mikið úrval - Gerið verðsamanburð



Steinsmiðjan Mosaik

Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is

Dreifingu pappír- stunnunnar lokið

Lokið er að dreifa nýu pappír-
stunnunum á Seltjarnarnesi.
Pappirstunnum var komið fyrir
við hvert hús á Nesinu en íbúum
ber þó ekki skylda til að taka við
þeim. Þeim sem ekki kjósa að hafa
hana er góðfúslega bent á að hafa
samband við skrifstofu bæjarins s:
595 9100 til að láta fjarlægja hana.

Þar sem tvær tunnur eru á
heimili var settur límímiði á aðra
tunnuna og henni breytt þannig
í pappirstunnu. Í þri- og fjórbýli
var tveimur tunnnum bætt við til
að byrja með en ef íbúar óska eftir
fleiri tunnnum þarf að hafa samband
við bæjarskrifstofu. Pappirstunn-
an verður losuð á 28 daga fresti og
hefðbundna sorptunna á 14 daga



fresti. Fyrsta losun á pappirstunnu
er nú í lok júlí. Pappirstunnunni
verður ekki verður dreift kerfis-
bundið í fjölbýli heldur fer dreifing
fram í samráði við húsfélög en von-
ir standa til að pappirstunna verði
komin í öll fjölbýli fyrir miðjan júlí.

Halldóra formaður Bæjarmálaráðs Seltjarnarness

Halldóra
Jóhannes-
dóttir Sanko
var kjörin for-
maður Bæjar-
málaráðs Sel-
tjarnarness á
aðalfundi þess
sem haldinn
var 7. maí síð-
astliðinn var.
Halldóra er Sanko.
38 ára, þroska-
þjálfari og starfar sem yfirþroska-
þjálfari í sérdeild fyrir einhverfa í
Fellaskóla.



Andrésson og Kristín Ólafsdóttir.
Varamenn: Felix Ragnarsson,
Ragnhildur Ingólfsdóttir og Helga
Charlotte Reynisdóttir.

Nesbúinn



Er skógarkerfillinn að
taka yfir á Nesinu?

Bæjarhátíð á Nesinu



Hljómsveitin í Svörtum fötum mun halda upp stuði á haustballinu.

Sannkölluð bæjarhátíð verður á Seltjarnarnesi síðustu helgina í ágúst og eru bæjarbúar hvattir til að taka helgina frá. Hátíðin hefst á föstudagskvöldi með sundlaugarpartíi og verður opnunartími laugarinnar lengdur það kvöld.

Gestir mega eiga von á óvæntum upptökum. Daginn eftir ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, en dagurinn byrjar á Gróttudeginum þar sem deildir Gróttu

etja saman í hinum ýmsu greinum. Í framhaldinu munu Brautirnar bjóða heim í götugrill á Vallarbrautarvelli fyrir alla Seltirninga, stóra sem smáa. Nágrannarnir sjá um grillið, bærinn sér um meðlætið og gestir koma með hamborgara og pulsar fyrir sig. Dagskráin á laugardegnum endar svo á Haustballi í Íþróttahúsinu þar sem þeir í Svörtum fötum ásamt gestum munu halda uppi stuðinu fram á nótt.

HÁGÆÐI.IS
HÚSAVIÐGERÐIR.IS
FLÍSALAGNIR.IS



100% endurgreiddur vsk af vinnu

Sími: 565-7070

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188

Prófkjör Sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi:

Ásgerður gefur kost á sér í fyrsta sæti

Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi hefur lýst því yfir að hún myndi óska eftir stuðningi sjálfstæðismanna í 1. sæti lista þeirra í komandi prófkjöri.



Ásgerður Halldórsdóttir.

Einróma ákvörðun var tekin um að halda prófkjör um skipan listans vegna sveitarstjórnarkosninga á komandi vori á fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi 18. júní sl. Prófkjórið verður haldið 9. nóvember n.k. Ásgerður lýsti áhuga sínum á að leiða lista sjálfstæðismanna á fundinum.



HÖFUM OPNAÐ HEILSUHOF Á SELTJARNARNESI

Suðurströnd 10 (fyrir neðan sundlaugina)



Systrasamlagið er kaffihús og verslun sem nærir líkama og sál.

Opið

Virka daga
Laugardaga

8 - 18
10 - 16

www.facebook.com/Systrasamlagid

Jafningjafræðsla á Seltjarnarnesi



Ungmennin ræða málin utan dyra.

Í sumar er annað ár jafningjafræðslunnar fyrir ungmenni á Seltjarnarnesi en jafningjafræðslan er samstarfsverkefni Seltjarnarness við Reykjavíkurborg og Hitt Húsið. Seltirningar senda tvö ungmenni sem fá þjálfun hrá Hinu Húsinu ásamt jafningjafræðurum Reykjavíkur og Kópavogis. Þegar þau hafa lokið námskeiðinu koma þau aftur á Nesið og fræða ungmenni í Vinnuskólanum.

Aldurshópurinn er frá 14 til 17 og snýst fræðslan um að koma á stað vitundarvakningu og umræðum meðal ungmennanna á jafningja grundvelli en hugmyndafræði jafningjafræðslunnar snýst ekki um reynslusögur. Auk þess er reynt

að styrkja ungmennin með því að ræða um sjálfsmýnd til að undirbúa þau undir komandi ár. Rætt er m.a. um sjálfstraust, kynjafræði, fémínisma, jafnrétti, klám, kynlíf, líkamsvirðingu og samfélags- og fjölmíðla, samkynhneigð, trans, áfengi og vímuefni svo einhvað má nefna. Umsjónarmenn jafningjafræðslunnar í ár eru Katrín Sigríður Þorsteinsdóttir og Tómas Gauti Jóhannsson og segja þau að „markmið jafningjafræðslunnar er að styðja við þann góðan árangur sem bærinn okkar hefur náð“. Seltjarnarnesbær hefur sýnt miklar framfarir og nýlegar kannanir sýna frábæran árangur í forvarnarmálum.

Smávélar í stað hefðbundinna tölva

Seltjarnarnesbær hefur samið við Nýherja um rekstur upplýsingatæknikerfa bæjarins til næstu fimm ára. Nýherji mun annast rekstur upplýsingakerfanna.

Það á bæði við um notendapjónustu við stofnanir þess og útvistun á miðlægum tæknibúnaði, s.s. rekstur netþjóna og netkerfa. Samhliða þessu hyggst Seltjarnarnesbær skipta út hefðbundnum tölvaum úr tölvuverum sínum fyrir sýndartölvur, sem eru smávélar án stýrikerfa, diska, minnis og örgjörva og eru talsvert ódýrari í rekstri en hefðbundnar PC tölvur.

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is



Ný leikskóladeild opnuð

Ný deild verður opnuð við Leikskóla Seltjarnarness í september næstkomandi. Nýja deildin verður staðsett á neðri hæð safnaðarheimilis Seltjarnarneskirkju og mun taka á móti börnum úr hópi yngstu leikskólalabarnanna. Deildin verður opnuð vegna umtalsverðrar fjölgunar barna á leikskólaaldri á Seltjarnarnesi að undanförunu.

Húsnæðið er rúmgott og vel til starfseminnar fallið, þar sem aðkoma er góð af neðra bílastæði kirkjunnar og öruggt aðgengi er að

góðum útisvæðum. Með tilkomu þessarar nýju deildar við leikskólann verður inntaka barna með svipuðum hætti og undanfarin ár, það er að börn hefja leikskólagöngu að hausti við 18 mánaða aldur. Leikskóli Seltjarnarness veitir á bilinu 195-200 börnum pláss eftir þessa viðbót og gerir það skólann að einum stærsta leikskóla landsins, en við hann starfa rúmlega 50 manns. Gengið verður inn í nýja leikskóladeild um séringgang á 1. hæð í norðurhluta kirkjunnar.

Mávaplága í kríuvarpinu

Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa ákveðið að leggja til atlgöngu við mávinn. Ráðist er í þetta áttak til þess að verja kríuvarpið en mávurinn hefur verið skæður gestur í varplandinu í sumar.

Undanfarnar vikur hafa fjölmargir aðilar komið að máli við Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra og óskað eftir því að allra leiða verði leit að til að sporna við mávnum, sem hefur verið með ágengari móti þetta sumarið. Kríuvarp þykir hafa tekist vel þetta árið og allt útlið fyrir að krían hafi nægilegt æti og því er dapurlegt að horfa upp á eyðileggingu þess af hálfu vargsins. Ein leið og sú besta til að ráða niðurlögum mávsins er að fólk hætti að brauðfæða fuglana á tjörninni. Á þessum árstíma hafa varpfuglarnir nægilegt æti og ekki þörf að bæta við það. Brauðið laðar mávinn að og ef það er ekki á boðstólnum fari þeir eitt-hvert annað í leit að æti. Því munu



Á meðfylgjandi myndum, sem Haukur Óskarsson framkvæmdastjóri Nesklúbbsins tók á golfvöllinum á Seltjarnarnesi, má sjá máv rífa í sig hálfstálpaðan kríuunga, en að hans sögn blöskrar golfurum vallarins hversu ágengur mávurinn er þetta árið og hversu stálpuð dýr hann ræðst á.

bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi beita sér fyrir því að fólk hætti að gefa fuglunum á tjörninni brauð þar sem slíkt feli í sér mikla hættu á því að kríuungarnir komist ekki á legg. Nú er unnið að gerð skilta þar sem fólk er hvatt til að huga að alvarlegum afleiðingum brauðgjafa.

Um 40 krakkar á sumarnámskeiði

Sumarnámskeið Seltjarnarbæjar hafa skottast um bæinn og jafnvel til nágrannanna í austri. Sumarnámskeiðin samanstanda af þremur mismunandi námskeiðum: Leikja- og ævintýranámskeiði; Survivor námskeiði og Smíðavöllurinn sívinsæli. Námskeiðin hafa öll gengið mjög vel og krakkar sem og starfsfólk una sér vel.

Algjör sprenging varð í fjölda skráninga á Survivor námskeiðin. Venjulega hefur verið sett fjöldatakmörkun við 20 börn á hverju námskeiði. Við undirbúning fyrsta námskeiðs kom í ljós að námskeiðið var fullt en jafn margir væru á biðlista eftir því að komast á námskeiðið. Tekin var ákvörðun um að stækka námskeiðið og 40 krakkar mættu. Gleðilegt er að Seltjarnarbær, starfsfólk og börnin hafi í samvinnu látið þetta ganga upp. Veðrið hefur ekkert verið að hjálpa mikið til það sem af er sumri en námskeiðin hafa ekki látið það neitt á sig fá. Brosið vinnur og regngalli hjálpar.

Þorleifur Örn Gunnarsson
yfirmaður sumarnámskeiða



Á hjálparlínum 1717
starfa vörðgjafar
sjálfbætur sem
eru alltaf
til taks

Líður þér illa í hjartanu?
1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Hringbraut 119
Sími:
55 44444

BÍLARÉTTINGAR OG SPRAUTUN CABAS TJÓNAMATSKERFI.

Bílanes er viðurkennt af öllum tryggingafélögum
Veitum vandaða þjónustu og notum hágæða efni
Réttingaverkstæði, bílasprautun og húsgagnalökkun
Kíktu við hjá okkur og fáðu tilboð í verkið

Bílanes, Bygggördum 8. Seltjarnaræsi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is

BÍLANES
VIÐGERÐIR RÉTTINGAR SPRAUTUN

Nettó opnar í Örfisey á föstudaginn

„Ég hef verið viðloðandi verslun og verslunarstjórn frá 1996,“ segir Geir Magnússon nýráðinn verslunarstjóri Nettó í Örfisey en verslunin verður opnuð föstudaginn 2. ágúst næst komandi. Verslunin er til húsa við Fiskislóð þar sem verslun Iceland var til húsa og þar áður Europris um nokkurra ára skeið. „Starfaði um tíma hjá Bónus og einnig hjá Magasin du Nord í Kaupmannahöfn.

„Ég fór til náms til Danmerkur og fékk vinnu í du Nord á sumrin. Það var nokkuð sérstakt fyrir mig Íslendinginn að fara að vinna á kassa í danskri verslun. Maður þurfti að hafa dönsku tölurnar á hreinu sem eru nokkuð öðruvísi en okkar og einnig skandinávískar tölur. Danir eru líka með aura sem var nýtt fyrir mér en þeir hættu með 25 eyringinn á meðan ég starfaði þarna og þá voru bara fimmtíu aurarnir eftir.“ Geir segir að þótt gott hafi verið að búa og starfa í Danmörku hafi hann verið farin að sakna heimahaganna. „Í fyrstu var ég ekki með neinar ákvarðanir um að flytja heim aftur þótt fyrirætlanir um að setjast að í Danmörku breyttust síðar. Ég flutti heim árið 2010 beint í kreppuna en það breytti litlu fyrir mig. Fjölskyldan og ýmis tengsl hér heima toguðu í mig. Engu að síður þá bý ég að þeirri reynslu sem ég hlaut bæði í námi og starfi ytra og vona að hún komi mér til góða á nýjum starfsveitvangi hér heima.“

Ger segir að áhersla verði lögð á fjölbreytt og skemmtilegt vöruúrval í hinni nýju verslun Nettó í Örfisey. Garnið verði til sölu frá fyrsta degi en margar konur sækist eftir að geta keypt efni í þrjónaskapinn sem virðist fara vaxandi ef miðað er við áhuga á garninu. Þá verður lögð mikil áhersla á orkusparnað og í því sambandi verða allir frystar í versluninni með glerlokum en með því getum við sparað allt að 13 milljónir króna á ári með minni raforkuþörf.



Geir Magnússon nýráðinn verslunarstjóri Nettó í Örfisey.

Spara sem svarar orkunotkun níu heimila

Í fréttatilkynningu frá Samkaupum, sem reka Nettóverslanirnar segir að um tíma hefur verið unnið markvisst að því að spara raforku og bæta meðhöndlun og gæði frystivara í lágvöruverðsverslunum Nettó. Þetta er m.a. gert með því að setja glerlok á 28 frysta í Nettó verslunum landsins að erlendri fyrirmynd. Með þessum breytingum sparar hver frystir fyrir sig um 35.000 kílóvattstundir á ári, eða sem nemur orkunotkun níu meðalstórra heimila. Í krón-

um talið nemur árlegur sparnaður hvers frystis um 470 þús. kr. miðað við raforkuverð til heimila. Nettó mun með þessum hætti spara árlega tæplega milljón kílóvattstundir rafmagns eða álíka orku og ársnotkun 250 meðalstórra heimila. Heildarsparnaður vegna þessara breytinga á frystunum verður því samtals um 13 milljónir króna miðað við raforkuverð til heimila. Einnig kemur fram að með þessum breytingum haldast gæði matvörunnar betur þar sem hitastig er mun stöðugra, ísmyndun verði minni, auk þess sem orkusparnaðurinn muni leiða til verðlækkunar á frystum matvörum. Raforkusparnaðurinn er hluti af stefnu Nettó í gæða- og umhverfismálum. Í lok maí sl. voru lokaðir frystar komnir notkun í Nettó í Mjódd, Reykjanesbæ, Borgarnesi og Akureyri. Í byrjun ágúst bætist við ný Nettó-verslun á Grandanum við Gömlu höfnina í Reykjavík. Endurbótunum á frystum verður lokið í öllum ellefu verslunum Nettó um allt land á næstu 12 til 18 mánuðum.

Óttumst ekki samkeppnina

Það er mat forráðamann Nettó, eftir að hafa fylgst með mælingum í lokuðum frystum undanfarið, að gæði frosinna matvæla hafi aukist mikið vegna þess að kæling er bæði meiri og stöðugri en í opnum frystum. Endurbæturnar leiða einnig til þess að minna verður fargað af skemmdum frystivörum sem er jákvætt umhverfisvænt skref í meðhöndlun frystivara hjá Nettó. Umhverfsvæn LED lýsing er í lokum frystana sem eykur sýnileika matvaranna og auðveldar val neytenda á frystivörum. „Við óttumst ekki samkeppnina en gerum okkur grein fyrir erfiðu svæði. En ætlum okkur stóra hluti og bíðum spenntir eftir að takast á við komandi verkefni. Við teljum að Nettó eigi fullt erindi inn á þessa svæði.“

Systrasamlagið – heilsuhof, opnaði í sumar við Neslaugina:

Kaffihús og verslun sem nærir líkama og sál

Systrasamlagið á Seltjarnarnesinu er ný og skemmtileg blanda af verslun og kaffihúsi sem á engan sinn líkan hér á landi. Lýsingin heilsuhof lætur kannski nærri en í Systrasamlaginu má fá margs konar heilsugöðgæti, s.s. gæða kaffi og te, heilsudrykki og -gos, slikkeri, croissant, kökur, grauta og “boost” ásamt vítamínum, flothettum, jógafatnaði, jógadýnum og fylgihlutum og öðrum árstíðarbundnum vörum. Systrasamlagið er á besta stað, beint fyrir utan Seltjarnarneslaugina og World Class.

Að sögn Jóhönnu Kristjánsdóttur, annars eiganda Systrasamlagsins hafa Seltirningar og aðrir tekið versluninni og kaffihúsinu fagnandi. „Það er ekki hægt að segja annað en að fólk sé forvitið og ánægt með að eiga kost á öðru en pylsu og kók og sykursætu sælgæti eftir líkamsræktina og sundferðirnar,“ segir Jóhanna sem rekur Systrasamlagið ásamt Guðrúnu systur sinni. „Okkar hugmynd var líka sú að koma á framfæri nauðsyn þess að taka hlutunum með ró. Það er að fólk kynni sér kosti þess að iðka jóga og hugleiðslu, og jafnvel fljótandi í þessum



Systurnar Guðrún og Jóhanna Krisjánsdætur vildu m.a. koma á framfæri hollustu og nauðsyn þess að rækta hugann líka með Systrasamlaginu.

ofurstressaða heimi,” bætir Guðrún við.

Breyttir jóga-, líkamsræktar- og sundgarpur geta því ekki bara svalað þorsta sínum með heilsudrykk og fengið sér hollan bita í stað skyndibita, heldur líka kynnt sér fallegan siðgæðisvottaðan jógafatnað, snyrtivörur, vítamín og



Lógó Systrasamlagsins hefur þegar vakið nokkra athygli. Það hefur verið valið til birtingar LogoLounge 8, úr 35.000 lógóum víðsvegar að úr heiminum, í bók þeirra sem kemur út eftir fáeina mánuði. Hönnuður þess er Einar Gylfason.

bætiefni og skoðað kosti þess að róa hugann og vera í núinu.

En út af fyrir sig er einstök og róandi upplifun að staldra við í Systrasamlaginu á Seltjarnarnesinu.

Harmonikkuball við Gaujabúð

Nikkuball var haldið á Nesinu miðvikudaginn 17. júlí sl. Ungmennaráð Seltjarnarness stóð fyrir ballinu sem haldið var við Gaujabúð. Harmonikkuleikarinn Örvar Kristjánsson lék á nikkuna fyrir gesti og gangandi auk þess sem boðið var upp á léttar veitingar.

Veðrið lék við gesti og gangandi þegar harmonikkuball Ungmennaráðs Seltjarnarness var haldið í fjórða skipti. Líkt og fyrri ár fór það fram hjá björgunarsveitarhúsinu niðri við smábátahöfnina og voru það harmonikkuleikarinn Örvar Kristjánsson og Bjössi Sax sem léku fyrir dansi af stakri þrýði. Á meðan ljúfir tónar harmonikkunnar léku um loftið var boðið upp á

glæsilegar veitingar sem gestir gátu fengið sér. Undir lokin var svo efnt til gítarspils og hópsöngs þar sem sungnar voru nokkrar af helstu perlum dægurlagatónlistarinnar. Hátt í 130 manns létu sjá sig í veðurbliðunni og þó að ballið væri fyrst og fremst fyrir eldri borgara létu allir aldurshópar sjá sig enda er viðburðurinn hugsaður til þess að brúa bilið milli kynslóða. Má með sanni segja að ballið hafi gengið vel í alla staði og að allir hafi skemmt sér konunglega. Ballið var einungis fjármagnað af styrkjum og vill Ungmennaráðið þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg og hjálpuðu til við að gera ballið eins skemmtilegt og flott og raun bar vitni.



MIKLABORG

Vantar 3ja til 4ra herbergja

Fasteignasölnunni Miklaborg hefur verið falið að leita að 3ja til 4ra herbergja íbúð á Seltjarnarnesi. Kostur ef það væri lyfta eða ekki margar tröppur. Um er að ræða sterkar greiðslur fyrir réttu eignina.



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



SELTJARNARNESBÆR

Starfsfólk óskast í Félagsmiðstöðina Selið á Seltjarnarnesi

Félagsmiðstöðin Selið á Seltjarnarnesi auglýsir eftir starfsfólki í hlutastörfveturinn 2013 – 2014.

Um er að ræða störf leiðbeinenda í tómsundastarfi fyrir börn, unglinga og ungmenni á aldrinum 12–20 ára. Skilyrði er að umsækjendur hafi náð 20 ára aldri.

Æskilegt er að umsækjandi hafi menntun í tómsunda- og félagsmálafraeði og eða aðra menntun sem með að nýtist í starfi með börnum og unglingum..

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Ari Sigurjónsson í síma 846 6747 eða á netfangið: ari@selid.is

Umsóknnum með upplýsingum um menntun og fyrri störf skal skilað á netfangið: margrets@seljarnarnes.is fyrir 15. ágúst n.k.

Íþróttar og tómsundasvið Seltjarnarnesbæjar

Viðtal við Ólaf Inga Ólafsson

Vil sjá allskonar útivist í sátt og samlyndi

Saga golfiþróttarinnar á Seltjarnarnesi er um hálfra aldar gömul. Golfklúbbur Ness var stofnaður 4. apríl 1964. Hann var einkaklúbbur til að byrja með og án tengsla við ÍBR og ÍSÍ. Snemma árs 1969 var Nesklúbburinn stofnaður til þess að sækja um inngöngu í Gólf samband Íslands. Klúbbarnir urðu að einum og í dag starfar Nesklúbburinn á Seltjarnarnesi. Mikill áhugi er á golfi á Nesinu. Mun meiri en núverandi aðstaða klúbbsins getur tekið við og fjöldi manns er á biðlista eftir að fá inngöngu. Nesfréttir ræddu ítarlega við Ólaf Inga Ólafsson formann Nesklúbbsins um golf og aðstöðuna á Seltjarnarnesi.

Klúbburinn er á fimmtugasta aldursárinu og helsta drifjöðrin við stofnun hans var Pétur heitinn Björnsson sem lengi var forstjóri Vífilfells. Framan af var klúbburinn fámennur en nú er hann fjölmennasti golfklúbbur landsins, sem hefur aðeins 9 holu völl til afnota. Ólafur Ingi segir að golfið hafi eiginlega breyst frá því að vera klúbbsíþrótt yfir í að verða almenningsíþrótt. Íslendingar hafi tekið golfinu eins og mörgu öðru – með trukki. „Við tökum alltaf allt með trukki og í dag er golfið orðin næst stærsta íþróttgrein á landinu á eftir fótboltanum. Við erum með miklu fleiri iðkendur hlutfallslega hér á landi en nokkurs staðar í heiminum og við eigum líka met í fjölda golfvalla ef tekið er mið af íbúafjölda. Á móti kemur að sá tími sem hægt er að stunda golf utanhúss hér á landi er fremur skammur en þá er líka hægt að spila allan sólarhringinn. Við gerðum að gamni okkar að reikna út miðað við varfærnar forsendur þá vegalengd sem er gengin á golfvöllinum á Seltjarnarnesi á hverju sumri og komumst að því að hún samsvarar því að ganga umhverfis jörðina eða rúmlega 40 þúsund kílómetra. Þetta verður að teljast góð nýting á einu golfsvæði.“

Samveran og útíveran höggunum mikilvægari

Ólafur Ingi segir merkilegt að hugsa til þeirra breytinga sem orðið



„Ég teldi afar jákvætt ef þessar hugmyndir um samnýtingu útivistarsvæðanna geti orðið til þess að leysa úr langstærsta deilumálinu á Seltjarnarnesi. Lausnin á að vera til.“ segir Ólafur Ingi Ólafsson formaður Nesklúbbsins.

hafa á golfiþróttinni á undanförunum árum og áratugum. Nú séu konur orðnar um þriðjungur af þeim sem stunda golf og um helmingur af golfiðkendum séu 50 ára og eldri. „Meðalaldur okkar í Nesklúbbsinum er 52 ár og yfir 100 manns eru komin yfir sjötugt. Þetta er magnað þegar haft er í huga að hér er ekki verið að smala fólki í íþróttafélag til þess að fá hærri upphæð úr lottóinu. Í golfinu er ekki um neitt slíkt að ræða því þar greiðir hver sitt gjald fyrir þátttökuna og fólk er ekki að gera það nema að fá eitthvað til baka.“ Ólafur Ingi segir fullorðna fólkið oft vera virkustu félagana. Golf og sund séu þær íþróttgrein-

ar sem fólk á miðjum aldri og eldra sækir í. Golfið hafi það umfram að þar eigi fólk stöðugt í hvetjandi keppni við sjálf sig þótt allir spili saman og að fólk hefur mikil samskipti meðan á leiknum stendur. Samveran og útíveran séu fólki miklu mikilvægari en hversu mörg – eða fá högg það er að slá. Ekkert kynslóðabil sé heldur í golfinu. Allir geti spilað saman hvar sem þeir standa aldurs- eða getulega gangvart íþróttinni og þar komi forgjafarkerfið til. „Eins er með golfið og annað sem lærist að það gleymist ekki þótt það sé ekki stundað. Þetta er eins og að hjóla. Hjólreiðar gleymast ekki þótt fólk stigi ekki

upp á hjól í mörg ár. Sama er með golfið að sá sem hefur lært að spila golf sem krakki er fljótur að ná tökum á því síðar á ævinni þótt hann hafi ekki stundað það að staðaldrí. Þess vegna viljum við í Nesklúbbsinum endilega getað veitt krökkum sem sækja námskeið hjá okkur inngöngu í klúbbinn svo þau komist vel af stað, en núverandi aðstaða leyfir það því miður ekki.“

Eldra fólkið er ekki á álagstímum

Ólafur Ingi segir að þótt fagna beri hinum mikla áhuga sem golfiþróttin nýtur sem almenningsíþrótt þá fylgi því ákveðinn vandi. „Suðurnesið er næstum eins og eyja í umhverfinu, náttúran dásamleg, völlumurinn fallegur og krefjandi og æfingasvæðið okkar er nú orðið eitt það besta sem völ er á héraendis. Við sem erum í klúbbnum erum því afar sátt við lífið og tilveruna. Eldra fólkið okkar sem margt er hætt að vinna sækir mikið á völlum og stundum er það að koma með barnabörnin með sér. Þetta fólk kemur ekki á álagstímum heldur getur nýtt sér dagstundirnar þegar aðrir eru að vinna. Álagið dreifist því nokkuð en við getum engu að síður ekki mætt þessum aukna áhuga vegna þess að aðstöðuna vantar.“

Um 600 manns á biðlista

„Það eru nefnilega fjölmargir sem ekki komast að,“ heldur Ólafur Ingi áfram. „Við erum með um 600 manns á biðlista og getum þegar best lætur tekið 15 til 20 manns inn á ári. Félagar eru nú 670 og völlumurinn er svo að segja fullnýttur. Þarurlagt er að geta ekki boðið þessu áhugasama fólki þátttöku og staðan er því algerlega óviðunandi eins og hún er. Þess vegna höfum við mikinn áhuga á að bæjaryfirvöld taki þennan vanda til sérstakrar skoðunar í þeirri vinnu sem fer fram við nýtt deiliskipulag á Seltjarnarnesi og taki hagsmuni þessa hóps með ekkert síður en annarra. Við erum ekki í neinu stríði við bæjaryfirvöld. Við viljum vinna með þeim að því að finna eins góðar lausnir og unnt er.“

Félagslegi þátturinn mikilvægur

Ólafur Ingi segir nauðsynlegt að þátttaka í íþróttum, útivist og jafnvel önnur áhugamál fólks geti samnýtt aðstöðu og nefnir veitingaaðstöðu, búninga- og nefnir veitingaaðstöðu, búninga- og nefnir veitingaaðstöðu, sérstaklega í því sambandi. „Ég hef leikið golf allvíða og hef mikið velt fyrir mér skipulagi bæði valla og umhverfis þeirra. Í Hollandi vöktu strax athygli mína stór og vegleg klúbbhús við tvo golfvelli sem ég heimsótti. Þetta voru nýlegar glæsilegar byggingar og þar var fullt af fólki og þetta fólk var alls ekki allt að spila golf. Þarna var fólk í útreiðum, siglingum, skokkandi, hjólandi og skautandi eða bara að ganga með börnin sín eða hundinn. Þarna voru hinar ýmsu greinar frístundamennskunnar að samnýta þá þjónustu sem klúbbhúsið bauð. Hugsanlega voru um þrjúhundrað manns af kannski eittþúsund að spila golf. Aðrir voru að gera allt annað og margir einungis að njóta veitingaþjónustunnar sem er gríðarlega mikilvæg svona starfi vegna þess að hún er grundvöllurinn að þeim mannlegu samskiptum sem myndast við aðstæður sem þessar. Hér á landi er ef til vill á bilinu 200 til 300 manns sem sækja golfvöll á góðum degi. Það er allt of lítið til þess að standa undir þeirri þjónustu sem gerð er krafa um og veitingareksturinn er eitt megin vandamál golfklúbba víðast hvar í heiminum. Hann er engu að síður mjög mikilvægur til þess að fólk geti notið hins félagslega þáttar. Þess vegna verðum við að huga að einhverskonar samnýtingu. En þrátt fyrir þetta vil ég minna á að það eru allir alltaf velkomnir í veitingasöluna til Krissa, en þar er að jafnaði opið frá 8 á morgnana til 10 á kvöldin. Við kylfingar höfum sannarlega ekkert á móti því að fólk gangi umhverfis völlinn og við sýnum því alltaf fyllstu tillitssemi. Umhverfisnefnd bæjarins er núna að koma upp skiltum við stíginn, þar sem sýnt er hvar hættur leynast og hvar ekki. Svo er auðvitað öllum frjálst að koma og nýta æfingaaðstöðuna og Nökkvi, sem er golfkennarinn okkar, kennir bæði félagsmönnum og öðrum.“

Engin ósnortin náttúra frá fyrstu tíð

„Ári eftir að ég var á ferð um Holland rakst ég á norrænan bækling þar sem fjallað var um skipulag sameiginlegra svæða fyrir blandaða útivist. Ég fór að kynna mér innihald hans og eftir að ég tók við formennskunni í golfklúbbum hef ég talað fyrir hugmyndum sem þar koma fram.“ Ólafur Ingi segir alla

sammála að landgæði séu takmörkuð auðlind á Seltjarnarnesi og því verði að vanda sig við hvernig gengið verður frá skipulagi. „Ég er talsmaður þess að við verndum ekki náttúruna fyrir manninum vegna þess að hann er hluti af henni. Hins vegar verðum við að skapa honum skilyrði til þess að njóta hennar í fullri sátt við umhverfið. Fólk talar um að ekki megi hrófla við ósnortinni náttúru á Vestursvæðinu. Á kynningarfundinum sem var haldin var um daginn vegna deiliskipulagsins kom fram hjá einhverjum að allt ætti að vera eins og það er í dag, ósnortið land. En málið er að þetta land er ekki ósnortið. Mest af því er reyndar ófyrstíganleg órækt í dag, en hefur alls ekki alltaf verið þannig. Á mynd sem hangir á vegg knattspyrnuhússins og var tekin 1984 sést vel að ekkert er eins og það er í dag. Hún sýnir kannski betur en flest annað hversu vafasamt það er að tala um ósnortna náttúra frá fyrstu tíð.“

Fólk vill nýta svæðið betur

Á íbúðingum sem haldið var í febrúar s.l. kom mikill áhugi fram hjá fólki um að nýta þetta svæði mun betur en gert er í dag. Þarna mætti gera göngu- og fræðslustíga, setja upp skilti til að minnast gamalla mannvirkja og sögu og gera svæðið þannig aðgengilegt í stað þess að óræktin vaxi og vaxi engum til yndis. Allt þetta væri hægt ásamt því að koma upp nettum golfæfingavelli sem nýttast myndi sérstaklega börnum, eldra fólki og byrjendum.

Ekkert rúm fyrir 18 holu golfvöll

Ólafur Ingi segir að hann telji óraunhæft að binda sig við hugmyndir um að byggja upp 18 holu golfvöll á Seltjarnarnesi. Hann segir að því aðeins sé rými fyrir svo stóran völlum að allt svæðið upp að Gróttu yrði tekið undir hann. Það sé alls ekki hugmynd golfklúbbsins. „Ef farið yrði í að loka Seltjörninni, sem er víkin milli Suðurness og Gróttu, eins og bent hefur verið

á kæmi kannski upp slíkur möguleiki. En þar er um áratuga verkefni að ræða og við erum ekki að hugleiða neitt slíkt. Við erum með frábæran níu holu golfvöll sem enn má þó fegra og bæta, en fyrst og fremst verður að hugsa fyrir litlum æfingavelli sem komið yrði fyrir á öðrum stað – helst sem næst okkur á vestursvæðinu til þess að auðvelda hirðingu, umsjón og rekstur. Slíkur völlum myndi mæta mesta vandanum sem fyrir er í dag auk þess að bæta aðra aðstöðu fyrir útivist sem gæti samnýtt veitinga- og félagsaðstöðu. Ég tel að þetta geti farið ágætlega saman. Æfingavöllurinn yrði eins og áður sagði einkum nýttur af byrjendum, börnum og eldri borgurum. Með slíkum velli gætum við auðveldlega tekið inn 200 til 300 manns af biðalistanum og væntanlega fleiri.

Klúbbhúsið gæti farið

Ólafur Ingi segir að með því að koma fyrir nýju sameiginlegu þjónustuhúsi í nánd við Bakkatjörnina mætti í tímans rás taka klúbbhúsið sem nú er út á velli í burtu. Við það fengist talsvert viðbótarland, sem bæði myndi nýttast til að bæta völlinn og gera svæðið aðgengilegra öðru útivistarfólki en kylfingum. „Í öðru lagi myndi þjónustuhús geta þjónað gestum æfingavallarins og öðrum sem njóta vilja íþróttar og útivistar, stunda siglingar, sjóböð og heimsækja jafnvel ylströnd yrði hún gerð á Nesinu. Með því yrði fengin grunnur að rekstrarvænu þjónustuhúsi sem allir gætu nýtt sér til félagsskapar og ánægju. Þetta er auðvitað framtíðarmúsik, en það sem okkur kylfingana langar til er að hugsað verði til þessa gríðarlega áhuga sem er fyrir golfinu núna við gerð deiliskipulags á Vestursvæðinu og þá fyrst og fremst að hugað verði að svæði fyrir lítinn æfingavöll sem mjög auðvelt er að koma fyrir með öðru.“

Kylfingar vilja samfélagslega sátt

Ólafur Ingi hefur verið í sambandi

við STERF sem eru norræn samtök golf- og íþróttavallafræðinga, einkum í gegnum íslenska fulltrúann, Edwin Roald Rögnvaldsson. „Hann er golfvallahönnuður og mikill áhugamaður um að byggja vellina eftir aðstæðum og láta þá falla vel inn í þau svæði þar sem þeir eru staðsettir. Ég get líka sagt frá því að prófessor við Kaupmannahafnarháskóla hefur fengið styrk til þess að vinna norrænt rannsóknarverkefni ásamt hóp fólks um nýtingu á útivistarsvæðum og áhrif þess á samfélag. Hvernig ná megi sátt og samlyndi með því að hugsa um nýtingu þeirra. Þetta er rannsókn sem nær til valla í Svíþjóð, Noregi og Danmörku og m.a. er skoðuð upplifun kylfingsins af útivistinni. Hvernig hann upplifir kyrrðina, náttúruna og samfélagið og hvað sé mikilvægast þegar hann er að spila golf. Þessi maður frétti af aðstæðum okkar hér á Seltjarnarnesi og er nú búinn að taka Nesvöllinn og umhverfi hans inn í verkefnið. Hann er þegar búinn að vinna ákveðnar grunnrannsóknir og gera úttekt á vellinum og umhverfi hans. Síðar mun verða gerð könnun meðal klúbbfélaga um afstöðu þeirra til sameiginlegrar nýtingar útivistarsvæðanna. Hann telur að aðstaðan á Seltjarnarnesi sé skólabókardæmi um hvers vegna eigi að hugsa heildstætt við lausn slíkra mála. Kylfingar vilji ekki kljúfa samfélagið. Þeir séu bara venjulegir þátttakendur í samfélaginu þótt þeir hafi golfið að áhugamáli. Annað mál sem mig langar til að minnst á er að það verður alþjóðleg ráðstefna hér á landi á vegum STERF á komandi hausti, einmitt um þessa samnýtingu. Þangað er m.a. von á fyrirlesara frá St. Andrews í Skotlandi sem er Mekka golfsins. Eitt af umfjöllunarefnum ráðstefnunnar verður líka þetta skólabókardæmi sem við búum við hér á Seltjarnarnesi. Ég teldi afar jákvætt ef þessar hugmyndir um samnýtingu útivistarsvæðanna geti orðið til þess að leysa úr langstærsta deilumálinu á Seltjarnarnesi. Lausnin á að vera til.“ segir Ólafur Ingi Ólafsson formaður Nesklúbbsins.



Á myndinni til vinstri sem tekin er við Ráðagerðistúnið má sjá hvernig skógarkerfill breiðir úr sér og óræktin er út um allt. Enga fugla er að sjá á þessu svæði. Á myndinni til hægri sem tekin er við golfvöllinn blómstarar fuglalífið.

Félagsstarf eldri bæjarbúa

Það var nú ekki bjart yfir veðurspánni sem blasti við fyrir sumarferðina í Landmannalaugar. En með sól í sinni og gleði í hjarta lagði 40 manna hópur upp í dagsferð þann 27. júní sl. Leiðinni var heitið í Landmannalaugar. Lagt var af stað kl. 9.00 að morgni. Það rættist úr veðrinu eftir því sem austar dró og fengum við notið fjallasýnar og stórkostlegs landslags þrátt fyrir fáar hitagráður. Fyrsta stans var við Vegamót sem er söluskáli við Landveg. Þar gat fólk keypt og skoðað ýmsan varning og fengið sér hressingu og notað aðstöðuna. Því næst lá leiðin um íslenska malarvegi í nær þrjár klst. Þar til komið var að Landmannahelli en þar var áð og snædd hádegishressing í kulda og nokkrum næðingi. Síðan lá leiðin inn í Landmannalaugar og þar fengum við ágætis veður. Þar gekk fólk um svæðið, skoðaði sig um og upplifði stórbrotna íslenska náttúru. Þá lá leiðin niður í Þjórsárdal og ekið var fram hjá vindmyllunum sem búið er að setja upp nálægt Búrfellsvirkjun og keyrt um svæði virkjunarinnar. Kl. 18.00 vorum við svo komin að síðasta áningastaðnum Hestakránni á Skeiðum þar sem snæddur var

kvöldverður, íslenskt lamb með öllu tilheyrandi. Það voru þreyttir en glaðir ferðalangar sem komu til síns heima um kl. 21.00 að kveldi eftir 12 klukkustunda ferð. Leiðsögumaður ferðarinnar var Kristján E. Baldursson og stóð hann sig með mikilli þryði, en Kristján lýsti öllu sem fyrir augum bar og sagði bæði sögur og brandara.

Félags og tómstundastarf sumarsins er töluvert. Unglingaráð skipuleggur starfið og hefur til liðs við sig unglina úr bæjarvinnunni. Eitthvað er um að vera alla virka daga.

Jóga, sundleikfimin og kaffi-krókurinn eru með sína föstu tíma. Heilsubóta og skemmtiganga er alla mánudaga og miðvikudaga kl. 13.30 Lagt af stað frá Skólabraut. Botsía eða púttleikur alla þriðjudaga kl. 13.30. Eitthvað um að vera alla fimmtudaga á Skólabraut kl. 13.30. Félagsvist, bingó eða eitthvað annað sem krökkunum dettur í hug. Dagskrá liggur frammi í félagsaðstöðunni á Skólabraut og einnig er hægt að fylgjast með auglýsingum í Morgunblaðinu/ félagsstarf eldri borgara.

Ungmennaráðið til Svíþjóðar

Ungmennaráð Seltjarnarness hélt á dögum til Svíþjóðar til þess að taka þátt í vikulöngu ungmennaverkefni með sænsku ungmennaráði. Í Svíþjóð ræddu ungmennin um ungt fólk og lýðræði við sænsk ungmenni auk þess sem flott dagskrá var í boði milli umræðna.

Galvaskur 16 manna hópur lagði af stað frá Seltjarnarnesi til sænsku borgarinnar Lundar sunnudaginn 23. júní. Tilgangur ferðarinnar var að hitta ungmennaráðið í borginni og ræða um lýðræði og aðkomu ungs fólks að því. Haldnir voru fyrirlestrar, kynningar og vinnusmiðjur um tengd málefni og hvernig ungt fólk gæti látið rödd sína heyrast í samfélaginu. Upp komu fróðlegar og áhugaverðar umræður sem og hugmyndir sem eflaust munu nýtast vel í starfi ungmennaráðsins.

Ekki einungis voru fyrirlestrar og umræður í gangi. Sænska ungmennaráðið var búið að útbúa fjölbreytta og stórskemmtilega dagskrá út vikuna. Meðal þess sem á daga ungmennanna dreif var sjósund, sirkusferð, útilega, grillveisla með stjórnmalámönnunum og danstími svo eitthvað sé nefnt. Einnig fékk íslenski hópurinn nægan frítíma til þess að versla og slaka á.

Um er að ræða samstarfsverkefni milli ungmennaráðanna tveggja en í ágúst er svo einn á



sænska hópnun hingað til lands. Mun þau dvelja hér á landi í eina viku og sér ungmennaráðið um dagskrá og viðburði vikunnar.

Ungmennaráðin tvö hafa áður verið saman í svipuðu verkefni en árin 2010 fór Ungmennaráð Seltjarnarness til Lundar og ári seinna kom Ungmennaráðið í Lundi til Íslands. Eftir þá ferð urðu breytingar á starfi ráðsins hér heima til hins betra sem leiddi að öflugra og virkara starfi.

Má með sanni segja að allir hafi verið himinlifandi og sammála um að ferðin hafi verið mjög lærdómsrík og gengið einstaklega vel í alla staði.

Inn á Facebook síðu Ungmennaráðsins, facebook.com/ungness, má finna ýmsar myndir og fréttir úr ferðinni.



Hringbraut 119
Sími: 55 44444



Landsvirkjun

Bíltúr á Búrfell

Gagnvirka orkusýningin í Búrfellsstöð við Þjórsá er skemmtileg og lærdómsrík fyrir fólk á öllum aldri. Skammt fyrir norðan stöðina standa vindmyllur Landsvirkjunar, þær fyrstu sinnar gerðar á Íslandi. Alla laugardaga í júlí tekur starfsfólk á móti gestum við vindmyllurnar kl. 13-17.

Gestastofur Landsvirkjunar eru opnar frá kl. 10-17 alla daga í allt sumar:

Búrfellsstöð

Gagnvirk orkusýning og vindmyllur á Hafinu

Kröflustöð

Jarðvarmasýning í gestastofu

Fljótalsstöð

Gestastofa í Végarði og leiðsög

Kárahnjúka mið. og lau. frá kl. 1

lýsingar á www.landsvirkjun.is

Vestursvæði - Deiliskipulag

Mánudaginn 10. júní sl. var haldin kynning fyrir íbúa Seltjarnarness á vinnu við deiliskipulag fyrir allt landsvæði bæjarins vestan Lindarbrautar. Í verkefnalýsingu deiliskipulagsins kemur meðal annars fram að hið nýja deiliskipulag verði unnið í samræmi við stefnumörkun bæjaryfirvalda eins og hún birtist í Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006 til 2024.

Fram að þessu hefur svæðið sem hér um ræðir skipst í smærri einingar þegar kemur að skipulagi, þ.e. vestursvæði, lóð lækningaminjasafns, Bygggarðasvæði, áður iðnaðarsvæði, og loks íbúðarbyggð austast á svæðinu. Staða deiliskipulags fyrir þessi svæði er eftirfarandi:

1. Deiliskipulag fyrir vestursvæði hefur verið í gildi frá árinu 2009.

2. Deiliskipulag fyrir lóð lækningaminjasafns hefur verið í gildi frá árinu 2008.

3. Gerð deiliskipulagstillögu fyrir Bygggarðasvæði er nýlökkið og á fundi sínum 12. júní s.l. fól bæjarsjórn skipulagsstjóra að senda þá deiliskipulagstillögu til umsagnar Skipulagsstofnunar.

Erindi þessarar greinar er að fjalla í stuttu máli um gildandi deiliskipulag vestursvæða frá 2009. Þarna eru Gróttu og svæðið kringum Bakkatjörn friðlýst svæði, Suðurnes og Seltjarnarnesfjörur svæði á náttúru-minjaskrá, en að öðru leyti njóta vestursvæðin hverfisverndar án þess að um lögformlega friðun sé að ræða. Svokallað safnasvæði umhverfis Nesstofu er á hinu hverfisverndaða svæði og í greinargerð með deiliskipulaginu segir að safnasvæðið sé skipulagt í Aðalskipulagi Seltjarn-

arness „sem blönduð landnotkun þjónustustofnana og opins svæðis til sérstakra nota“. Í aðalskipulaginu er tekið sérstaklega fram að þær þjónustustofnanir sem hér um ræðir séu „söfn og menningarstofnanir“.

Í áðurnefndri greinargerð með deiliskipulagi Vestursvæða frá 2009 segir m.a. um nýjar byggingar, vegi og stíga:

1. Ekki er gert ráð fyrir neinum nýbyggingum innan deiliskipulagssvæðisins.

2. Engir nýir vegir verða á skipulagssvæðinu.

3. Stígum á svæðinu verður skipt í aðalstíga, útivistarstíga og fræðslustíga.

Á ofangreindum íbúafundi mátti skilja að skipuleggja þyrfti útivistarstíga um svæðið, en þessi vinna hefur þegar farið fram. Uppdrætti af stígum má sjá á yfirlitskorti með deiliskipulaginu frá 2009 og í greinargerð sem því fylgir segir að lögð verði áhersla á að útivistarstígar, sem tengi saman minni svæði innan skipulagssvæðisins, falli vel að landslagi og því geti yfirborð þeirra, aðgengisstig og útfærsla verið mismunandi eftir aðstæðum. Loks eru fjórir stígar tilgreindir og þeim lýst þannig:

Tjarnarstígur (Krókadill) er steinlagður og liggur meðfram jaðri byggðarinnar eftir gömlu þjóðleiðinni milli Norður- og Suðurstrandar. Stígurinn liggur í gegnum safnasvæðið og meðfram Ráðagerði að Bygggöörum. Vesturtúnstígur liggur frá safnasvæði, yfir Vesturtún að Snoppu og tengir saman safnasvæðið og Gróttu. Knútsborgarvegur liggur frá stíga-

mótum við Tunguna sunnan Ráðagerðis samsíða Norðurtúni og skal hann vera malarstígur. Heimreið út í Gróttu verður færð 2 til 3 metra frá bátaskýli. Vegurinn skal vera steinlagður og útfærður sérstaklega.

Í greinargerðinni er einnig fjallað um aðalstíga og fræðslustíga: Malbikadír aðalstígar eru meðfram strandlengjunni og tengjast stígakerfi höfuðborgarsvæðisins. Fræðslustígar liggja út frá aðal- og útivistarstígum og skulu vera þröngir malarlóðar. Lýst er legu þriggja slíkra stíga, Bakkatjarnarstígs, Litlabæjarstígs og Gróttustígs.

Af framansögðu má vera ljóst að þótt skylda sveitarfélagsins sé að vinna deiliskipulag fyrir hina rötgrónu íbúðarbyggð vestan Lindar-

brautar, er ekkert sem kallar á að deiliskipulag vestursvæðanna frá 2009 sé tekið til endurskoðunar. Eins og kom fram á íbúafundinum 10. júní var skipulagið unnið í góðri samvinnu við íbúa Seltjarnarness og um það ríkir almenn sátt meðal þeirra sem hafa látið sig málið varða. Vinna skipulags er kostnaðarsöm og frekar en eyða fjármunum í að endurvinnna nýlegt skipulag sem sátt er um væri nær að verja þeim í að hefjast handa við gerð Tjarnarstígs, Vesturtúnstígs, Knútsborgarvegur og heimreiðina út í Gróttu og þannig sýna útivistarsvæðinu á Framnesi þá virðingu sem því ber.


Kristín Halla Jónsdóttir.
Sefgörðum 28.

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?



Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur



Allt meðlæti á Café Retro er heimabakað



Sandra Guðmundsdóttir og Magnús Magnússon á pallinum utan við Café Retro þar sem hægt er að setjast niður með veitingar þegar til þess viðrar.

Café Retro á Grandagarði opnaði fyrir skemmstu, en þessi veitingastaður er til húsa í gamla Slysavarnarfélagshúsinu. Veitingastaðinn eiga og reka Sandra Guðmundsdóttir og Magnús Magnússon. Í dag eru þarna sæti fyrir 25 manns en Magnús segir að til standa að stækka. Frábært útsýni er fyrir gesti staðarins yfir hafnarvæðið.

„Við erum með súpu og brauð í hádeginu, alltaf með sjávarréttar-súpu en súpa dagsins er af ýmsum tegundum,“ segir Sandra. Allt okkar

brauð, kökur og annað meðlæti er heimabakað, við bjóðum m.a. upp á hjónabandssælu, alls konar mufins, belgískar vöflur sem eru mjög matarmiklar og með þeim er borið fram súkkulaði og rjómi. Á okkar matsæli ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi, allt frá börnum til eldri borgara. Við bjóðum einnig upp á hágæða ítalsk kaffi, Bononi, og seljum einnig kaffibaunir af þessari gerð sem og malað kaffi.“ Þau Sandra og Magnús segja að það verði enginn svikinn af þessu ítalska kaffi.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími 511 1188


Athöfn
ÚTFARARÞJÓNUSTA

Vönduð og persónuleg
þjónusta

Sími: 551 7080 - 691 0919

athofn@athofn.is - Akralandi 1 - 108 Reykjavík




Inger Steinsson



Inger Rós Ólafsdóttir

UMHVERFISHORNID

Hnattstaða Íslands mæld af Seltjarnarnesi



Hér má sjá líkan af þeim stöðum sem notaðir voru til mælinganna. Meginlína liggur frá Gróttu yfir Skólavörðuna austur í Ráðarholti.

Árið 1900 var mælingadeild danska herforingjaráðsins falið að mæla og kortleggja Ísland. Stóð sú vinna með nokkrum hléum allt fram til ársins 1940. Fyrir þann tíma voru ýmsir staðir landsins, þ.m.t. strandstaðir, rangt staðsettir og gat það haft afdrifaríkar afleiðingar.

Á Skólavörðuholti var grunnlína og hnattstaða landsins fyrst mæld og reiknuð út á vísindalegan hátt. Grunnstöpul mælinetsins má enn finna á holtinu nokkrum metrum fyrir norðvestan aðalinnangang Hallgrímskirkju. Allir stöðuútreikningar á Íslandi voru miðaðir við staðsetningu þessa stöplis.



Grunnstöpul mælinetsins má enn finna á holtinu nokkrum metrum fyrir norðvestan aðalinnangang Hallgrímskirkju.

Hnattstaða stöplisins mæld sumarið 1900 reyndist vera: Lengd $21^{\circ} 55' 51''$, fyrir vestan Greenwich. Breidd $64^{\circ} 08' 31''$, nbr. Hæð stöplufóts yfir sjávarmáli: 37 m.



Einn stöplanna er í Bygggarðstúni á Seltjarnarnesi.

Á átta af tíu stofnstöðvum mælinetsins voru steptir niður þriggja metra granitstöplar og náði steypan 1,25 m í jörð niður. Auk grunnstöplisins á Skólavörðuholti má enn sjá þrjá af þessum átta stöplum og eru þeir allir á Seltjarnarnesi. Einn stöplanna er í Bygggarðstúni, áður Ráðagerði, annar á Valhúsahæð og sá þriðji í Suðurnesi, suður af bílastæði við Golfklúbb Ness.

Umhverfisnefnd hyggst merkja þessa þrjá stöpla sem reistir voru sumarið 1900.

Heimildir: Stöpull á Skólavörðuholti. Landmælingar og kortagerð Dana á Íslandi. Upphaf Landmælinga Íslands. Höf. Ágúst Böðvarss.

F.h. umhverfisnefndar. Margrét Pálsdóttir, formaður

Framúrskarandi árangur í forvörnum

Nýlega birtu fulltrúar Rannsóknar & greiningar afar ánægjulegar niðurstöður rannsókna á vímuefnanotkun ungmenna í 8 - 10 bekk Grunnskóla Seltjarnarness. R&G er rannsóknamiðstöð sem sérhæfir sig í rannsóknum á ungu fólki á Íslandi og erlendis og leiðir sambærileg rannsóknaverkefni á þeim vettvangi í yfir 20 borgum í Evrópu. Í gagnagrunni R&G er hægt að rekja upplýsingar um hagi og líðan ungs fólks allt aftur til ársins 1992 og geta því sveitarfélög sem hafa verið þátttakendur í rannsókni inni til fjölda ára borið saman mælanlegan árangur og niðurstöður, sbr. Seltjarnarnesbær.

Útkoman var einstaklega jákvæð og glæsileg enn eitt árið og í niðurstöðunum er Seltjarnarnesbær borinn saman við höfuðborgarsvæðið annars vegar og landið allt hins vegar líkt og undanfarin ár.

Með miklum og góðum samtakamætti hefur tekist að uppræta nánast alla notkun á ávanabindandi efnum hjá ofangreindum aldursþópum eitt og sér er stórkostlegur árangur en er jafnframt merki um mikla samheldni og samvinnu í bæjarfélaginu til að ná því markmiði.

Undanfarin þrjú ár hafa t.a.m. reykingar verið óþekktar meðal allra grunnskólanemenda á Seltjarnarnesi og áfengisnotkun er vart mælanleg. Niðurstöður rannsóknarinnar staðfesta þetta í nýrri rannsókn sem gerð var í febrúar síðastliðnum meðal nemenda í 8 - 10 bekk um land allt. Þessar niðurstöður eru afar mikilvægar fyrir sveitarfélagið og allt nærsamfélagið á Nesinu en samskonar mælingar hafa átt sér stað hér síðastliðinn 15 ár.

Óhætt er að fullyrða að þessi árangur er einstakur fyrir sveitarfélag sem var með óásættanlega niðurstöður fyrir 15 árum síðan. Í skýrslunni kemur fram að á landsvísu sé vímuefnanotkun meðal grunnskólubarna einna minnst á Seltjarnarnesi og með markvissu átaki bæjaryfirvalda og nærsamfélagsins hefur tekist

nánast að útrýma henni. Undir neysluna falla daglegar reykingar, munn- og neftóbaksnotkun, neysla áfengis og neysla ólögmeðdra vímuefna.

Frá árinu 2010 mældist hassneysla, maríjuananeysla, nef- og munntóbaksneysla auk annarrar vímuefnaneyslu óveruleg. Hægt er að kynna sér niðurstöður rannsóknarinnar á vefsíðu Seltjarnarnesbæjar.

Árangurinn og stefnan

En hverju er það að þakka að samfélagið uppsker þennan ríkulega árangur? Svarið er að mínu mati, að þessum árangri má m.a. þakka stefnu bæjaryfirvalda og öflugum forvarnarhópi sem settur var á laggrinnar árið 1998 þegar ástandið var einna verst og hefur hópurinn verið starfræktur í bæjarfélaginu allar götur síðan. Hópurinn er fjölskipaður og má þar nefna starfsmenn Íþrótt- og tómsundasviðs, félagsmálasvið, fræðslusvið, skólustjórnendur og starfsmenn skólans, bæjarstjóra, bæjarfulltrúa, fulltrúa foreldrafélags skólans, fulltrúa Íþróttafélagsins Gróttu, Lögreglan, fulltrúa Heilsugæslunnar, fulltrúa kirkjunnar, yfirmenn áhaldahúss/vinnuskólans svo eitthvað sé nefnt. Forvarnarhópurinn kemur saman regulega til að taka púlsinn og kanna stöðuna í sveitarfélaginu og getur því brugðist hratt við sé það talið nauðsynlegt enda boðleiðir stuttar og samtakamáturinn mikill.

Íþrótt- og ungmennastarf

Íþrótt- og ungmennastarf fer svo sannarlega vel saman og má auðveldlega færa rök fyrir því að það vinni vel saman, enda hátt hlutfall ungmenna á Seltjarnarnesi samborið á landsvísu sem stundar íþróttir og eru jafnframt þátttakendur í öflugum og metnaðarfullu félagsstarfi innan veggja félagsmiðstöðvarinnar Selsins eða Ungmennaráðs Seltjarnarness. Íþróttafélagið Gróttu hefur haldið úti metnaðarfullu barna-

og ungmennastarfi og er einn stærsti einstaki aðilinn í forvörnum. Félagið hefur haft það að markmiði sínu að ala upp heilbrigða einstaklinga og kenna þeim að vinna saman í leik og keppni. Sama má segja um barnaungmennastarfið sem starfrækt er í golfklúbbum og Ballettskóla Guðbjargar. Allt eru þetta aðilar sem leggja sitt af mörkum að skila af sér heilbrigðum einstaklingum út til samfélagsins sem stuðlar að sterkri sjálfsmynd einstaklingsins, heilbrigðum lífsstíl og almennri vellíðan. Einnig hefur Tónlistarskóli Seltjarnarness átt sinn þátt í því að efla sjálfstraust nemenda og heldur úti mikilvægu forvarnarstarfi með því starfi sem þar fer fram.

Ungmennaráð Seltjarnarness

Árið 2009 var stofnað Ungmennaráð Seltjarnarness sem er hluti af forvarnarstefnu bæjarins og er ráðið skipað ungmennum á aldri 16 ára og eldri. Eitt af þeirra markmiðum hefur verið að efla félagslíf fyrir þennan aldursþóp á Seltjarnarnesi á heilbrigðum forsendum, bæta samfélagið með jákvæðu hugarfari og sýna gott fordæmi, skapa grundvöll til þess að ungmenni geti komið saman og komið skoðunum sínum á framfæri og vera tengiliður ungmenna á Seltjarnarnesi við bæjaryfirvöld.



Lárus B. Lárússon.

Í síðast liðnu júní tölublaði Nesfréttu var áhugavert og skemmtilegt viðtal við fjóra einstaklinga sem eru hluti að þessu kraftmikla teymi á Seltjarnarnesi og tilheyra hópnun 16 ára og eldri á Seltjarnarnesi. Engum blöðum er um það að flétta að þessi öflugli hópur hefur sannarlega staðið undir væntingum og sýnt það í verki að þau hafa verið sjálfum sér og bæjarfélaginu til mikils sóma hvar sem þau hafa komið og í öllum þeim verkefnum sem þau hafa tekið að sér.

Stofnun Ungmennahúss

Á haustmánuðum verður opnað Ungmennahús í húsakynnum félagsmiðstöðvarinnar Selsins sem verður afþreyingarstaður sem ætlaður er fólki frá 16 ára og eldri. Þarna er sveitarfélagið að stíga enn eitt skrefið í að styðja við forvarni í samvinnu við unga fólkið og bjóða upp fjölbreytt félags- og tómsundastarf fyrir breiðari hóp ungmenna. Markmiðið með opnun ungmennahúss er m.a. að bjóða ungu fólki upp á aðstoðu til skemmtunar og dægradvalar á heilbrigðum forsendum þ.e. vímulausa skemmtun. Leitast er við að unga fólkið skipuleggi sem mest starfsemi hússins, sýni frumkvæði og skapandi starf með góðri aðstoð starfsfólks Selsins.

Ég vil að lokum hvetja öll ungmenni á Seltjarnarnesi að halda áfram á sömu braut.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður Íþrótt- og tómsundaráðs Seltjarnarness, Lárus B. Lárússon



rafmagn@mi.is

Geri við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurlíð 35, Rvk • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn

Komum heim til

aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson

Kristín Ingólfssdóttir

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is

Vaktsími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Gróttupæjur á Pæjumóti



Gróttustelpur í Eyjum.

Glæsilegur hópur Gróttustelpna í 5. flokki hélt á Pæjumótið í Vestmannaeyjum í byrjun júní. Þetta var í 3. sinn sem Gróttu sendi lið á þetta skemmtilega mót og sem áður var ferðin ógleymanleg í alla staði.

Vestmanneyjar voru skoðaðar fyrsta daginn í báts- og rútuferð en á morgni annars dags hófst keppnin. A-liðið var í sterkum riðli og náði að sigra einn leik og gera eitt jafntefli. Stigin hefðu auðveldlega getað verið fleiri en stundum vildi boltinn einfaldlega ekki yfir marklínuna. Gróttustelpur töpuðu 2-0 fyrir tilvonandi meisturum Víkings en

þær sigruðu flesta leiki sína á mótinu með 4-5 mörkum. B-liðið sigraði tvo leiki, fyrst á móti ÍR/Leikni og svo æsilega rimmu við KR-stelpur sem endaði 4-2 fyrir Gróttu eftir mörk á lokasekúndunum. Valgerður Helga Ísaksdóttir var fulltrúi Gróttu í landsleiknum á föstudagskvöldinu þar sem hvert félag tilnefni einn leikmann. Vala gerði sér lítið fyrir og skoraði glæsilegt mark og var einn besti maður landsliðsins í skemmtilegum leik. Það voru kátar Gróttustelpur sem sneru aftur í heimahaganna á laugardagskvöldi, reynslunni ríkari með frábærar minningar í farteskinu.

Frábær árangur hjá Aroni

Gróttugrjótið Aron Teitsson hafnaði í sjöunda sæti í millivigt, 83 kg þyngdarflokk í heimsmeistaramótinu í klassískum kraftlyftingum án hjálparkæja sem fram fór í Suzdal í Rússlandi í júní sl. Þá varð hann fjórði í bekkpressu sem er rábær árangur hjá honum á HM í klassískum kraftlyftingum

Aron var mjög öruggur í lyftunum sínum og fór í gegnum mótið með átta gildar lyftur. Hann byrjaði létt á 210 kg í hnébeygju en því næst tók hann 220 kg. Í þriðju tilraun þurfti hann að berjast við 230 kg og það hafðist. Sterkasta greinin hans er bekkpressan og þar lyfti hann örugglega 167,5 kg sem færði honum fjórða sætið. Í réttstöðu lyfti hann mest 242,5 kg og lyfti hann því samtals 640 kg. Árangur hans verður að teljast mjög góður en þetta var fyrsta alþjóðlega mótið hans.



Frábært Shellmót í Eyjum

„Á Shellmót í Eyjum við stefnum hvert ár“ segir í titillagi mótsins og var enginn breyting þar á þetta árið hjá 39 vöskum drengjum í 6. flokki Gróttu. Mótið byrjaði erfiðlega hjá okkar mönnum en strax á öðrum degi fóru hlutirnir að gerast.

Eftir að hafa tapað öllum þremur leikjunum fyrsta daginn tók A-liðið á sig rögg og var ósigrað þar sem eftir var móts. Þeir stóðu því uppi sem sigurveggarar í Heimaeyjabikarnum sem þeir tóku stoltir á móti á verðlaunaafhendingunni. B-liðið var jafnasta Gróttuliðið, strákarnir spiluðu flottan fótbolta og áttu marga afbragðs leiki. Það var mikill stígandi í C1-liði Gróttu allt mótið. Á lokadeginum fóru hjólin að snúast almennilega þegar strákarnir fóru að spila boltanum vel á milli sín og uppskáru flott mörk og tvo góða sigra. C2-liðið var allt skipað yngra árs strákum sem voru að þreyta frumraun sína á Shellmótinu. Stundum létu strákarnir kappið og tilfinningarnar bera sig ofurlíði en inn á milli léku Gróttumenn eins og sann-



Strákarnir í 6. flokki.

ir snillingar og enduðu mótið meðal annars á tveimur flottum sigrum. Markvörðurinn Krummi Kaldal var fulltrúi Gróttu í landsleiknum á föstudagskvöld. Krummi varði oft glæsilega í marki landsliðsins sem gerði 1-1 jafntefli við pressuliðið í spennandi leik. Á lokahófinu var svo Orri Steinn Óskarsson valinn í úrvalsliði Shellmótsins og var að sjálfsögðu vel fagnað af samherjum sínum í Gróttuliðinu.

Gróttu „lið mótsins“ á Skaganum

Eitt fjölmennasta fótboltamót landsins haldið á Akranesi helgina 21. til 23. júní þegar um 1500 drengir á aldrinum 7 til 8 ára komu saman og léku á Norðurálmótinu. Gróttu sendi 4 lið til leiks en á föstudeginum var sérstök forkeppni þar sem liðum var raðað eftir styrkleika.

A-lið Gróttu tryggði sér sæti í 1. deild, C- og F-liðin í 3. deild og D-liðið í 2. deild. Skemmst er frá því að segja að Gróttustrákarnir léku við hvern sinn fingur alla helgina og heilluðu gesti og gangandi með frammistöðu sinni. A-liðið gerði gott mót í efstu deildinni og endaði þar í 4. sæti af 6

liðum, aðeins einum sigri frá því að vinna mótið! Hin liðin spiluðu virkilega flottan fótbolta og unnust margir glæsilegir sigrar. Stór hluti hópsins var að taka þátt í sínu fyrsta „alvöru stórmóti“ og eru nú reynslunni ríkari og tilbúnir fyrir frekar áskoranir á knattspyrnuferlinum. Á lokahófinu voru veitt verðlaun af ýmsu tagi og hlotnaðist Gróttuhópnum sá mikli heiður að vera valinn „lið mótsins“. Þvílík fagnaðarlæti brutust út meðal strákanna og foreldra þeirra og fóru menn því mjög sáttir heim með glæsilegan bikar eftir skemmtilegt mót.



GETRANANÚMER

GRÓTTU ER

170

Stóðu sig vel á Fame Svod Open

Gróttu stelpurnar stóðu sig vel á Fame Svod Open, alþjóðlegu áhaldafimleikamóti sem að er haldið árlega í bænum Deventer í Hollandi. Gróttu sendi átta keppendur á mótið, en alls tóku um tvö hundruð keppendur frá 12 löndum; Belgíu, Bretlandi, Danmörku, Hollandi, Íslandi, Jórdaníu, Luxemborg, Noregi, Spáni, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi þátt í mótinu að þessu sinni.

Aníta María Einarsdóttir og Dominiqua Alma Belányi kepptu í fullorðinsflokki. Dominiqua sigraði í fjölþraut og Aníta varð í þriðja sæti. Dominiqua og Aníta kepptu á öllum áhöldum í úrslitum með góðum árangri. Dominiqua sigraði í stökki, tvíslá og gólfi og varð í öðru sæti á slá. Aníta varð í öðru sæti á tvíslá og gólfi

og þriðja sæti í stökki og slá. Grethe María Björnsdóttir, Nanna Guðmundsdóttir og Selma Eir Hilmarsdóttir kepptu í unglingsflokki A og urðu í þriðja sæti í liðakeppninni. Nanna komst í úrslit í stökki, slá og gólfi og varð í 2. sæti í stökki. Selma komst einnig í úrslit í stökki og Grethe var fyrsti varamaður á slá. Arndís Ásbjörnsdóttir, Elín Birna Hallgrímsdóttir og Hrund Guðmundsdóttir kepptu í unglingsflokki B. Arndís og Hrund komust í úrslit, Arndís í stökki þar sem að hún varð í 3. sæti og Hrund á slá. Þetta var í annað sinn sem Gróttu tekur þátt í þessu móti með góðum árangri. Í fyrra sigraði Embla Jóhannesdóttir í fullorðinsflokki á þessu sama móti með glæsibrag.

Gróttu starfar með leikskólábörnum

Á síðustu árum hefur Íþróttafélagið Gróttu staðið fyrir kynningu á starfi sínu til elstu barnanna á Leikskóla Seltjarnarness. Börnin hafa komið vikulega, í 12 vikur og fengið íþróttaleiðsögn í knattspyrnu, handbolta og fimleikum hjá þjálfunum víðkomandi deilda.

Þetta hefur mælst mjög vel fyrir

ir hjá öllum sem að þessu koma og þá helst börnunum sjálfum. Við lok þessa tímabils mættu leikskólábörnin og gáfum íþróttafélaginu stóra og fallega mynd sem þau höfðu unnið að og gáfum íþróttafélaginu. Íþróttafélagið þakkar börnunum fyrir skemmtilega tíma í vetur og hlakkar til að taka á móti nýjum börnum næsta vetur.

MIKLABORG

Mikil sala – vantar eignir

Mikil sala hefur verið á íbúðum, hæðum og minni raðhúsum á Nesinu á síðustu misserum. Er með langan kaupandalista á eignum á Nesinu. Bæði er um að ræða bein kaup sem og möguleika á að stækka/minnka við sig.

Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason, Sölufulltrúi
olafur@miklaborg.is sími: : 822 2307



Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Aldís Geirdal Sverrisdóttir, hún útskrifaðist með hæstu samantlagða meðaleinkunn úr grunn- og meistaranámi við lagadeild Háskólans í Reykjavík í júní.

Fullt nafn? Aldís Geirdal Sverrisdóttir.

Fæðingard. og ár? 7. október 1987.

Starf? Lögfræðingur hjá LOGOS lögmannsþjónustu.

Farartæki? Gullitaður Skoda Fabia og rautt götuhjól.

Helstu kostir? Samviskusöm og jákvæðni, svo kann ég líka að baka – það er alltaf vinsælt.

Eftirlætis matur? Hvitlauksristaður humar, að sjálfsgöðu með hvítvínsglasi!

Eftirlætis tónlist? Klassískt í vinnunni, en popptónlist þess á milli, First Aid Kit er t.d. í miklu uppáhaldi núna.

Eftirlætis íþróttamaður? Jóhannes Dagur Geirdal, upprennandi fótboltastjarna.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Gamanþættir á borð við How I met your mother, Friends, Modern Family og Parks and Recreation.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Bróðir minn ljónshjarta og Pollyanna.

Uppáhalds leikari? Morgan Freeman og Tom Hanks eru í miklu uppáhaldi.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

The Shawshank Redemption, Forrest Gump og Les Misérables eru ofarlega á lista.

Hvað gerir þú í fristundum þinum?

Prófa nýjar (köku)uppskriftir og deili með vinum og vandamönnum. Svo á ég það til að grípa í þrjónanna, sérstaklega á sumrin. Kvöldund stendur líka alltaf fyrir sínu, þ.e. heitur pottur og spjall, ekki sundspretturinn sem slíkur.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á?

Síðasta sumar fór ég í sumar-bústað á eyjunni Madöre rétt fyrir utan Stokkhólm, þar var ótrúlega fallegt.



Hvað metur þú mest í fari annarra?

Jákvæðni, frumkvæði og heiðarleika.

Hvern vildir þú helst hitta?

Ég er bara mjög ánægð með þá sem ég hef hitt og þá sem ég hef í kringum mig.

Uppáhalds vefsíða? Hinar ýmsu uppskriftarsíður, topwithcinnamon.com, evalaufeykjan.com og ljufmeti.com eru í miklu uppáhaldi þessa dagana.

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Mér þykir svo gaman að halda veislur að besta gjöfin er að fá vini og ættingja í heimsókn til að fagna með mér.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti?

Ég myndi líklega nota peninginn til þess að ferðast, jafnvel fara í heimsreiðu.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Boða fulltrúa unga fólksins til fundar, fara yfir hugmyndir þeirra og framtíðarsýn. Þá myndi ég reyna að koma hugmyndum þeirra á framfæri við þá sem gætu framkvæmt þær og fylgt þeim eftir.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ég stefni að því að ferðast mikið og eiga stóra fjölskyldu. Þá er draumurinn að starfa sem lögmaður og jafnvel sem dómari þegar fram líða stundir.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Ég stefni á að nýta lausar stundir í sumar í sundferðir og útilegur.



Munio Minningarkort Kvenflagsins Seltjarnar
Til styrktar kirkjujói Seltjarnarneskirkju
Þau fást á Bæjarskrifstofu Seltjarnarness
Austurströnd 2 - Sími: 595-9100

VELKOMIN Í NÝJA OG SPENNANDI VERSLUN NETTÓ GRANDA - OPIÐ DAG OG NÓTT OPNUM 02.08 KLUKKAN 13:00



VELKOMIN Á OPNUNARHÁTÍÐ

- * **BYLGJAN** Í BEINNI
- * VINNUR ÞÚ **GJAFAKORT** FRÁ NETTÓ
- * **LANDSLÍÐSSTELPURNAR** Í FÓTBOLTA ÁRITA PLAKÖT
- * **300 FYRSTU** FÁ GJAFABRÉF FRÁ ÍSBÚÐINNI VALDÍSI
- * **100 FYRSTU** FÁ ÓVÆNTAN GLAÐNING!



*Frábær
opnunartilboð!*

nettó 

**LÁGT VERÐ
DAG & NÓTT**